



Borgarráð

Árland 10, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að úthluta Félagsbústöðum hf. kt. 510497-2799, Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík, byggingarrétt fyrir 650 fermetra byggingu á lóðinni Árland 10. Verð byggingarréttar er greiðsla á gatnagerðargjaldi kr. 7.411.300 miðað við 650 fermetra hámarksbyggingarrétt. Ekki er greitt sérstaklega fyrir byggingarrétt á lóðinni.

Heimilt er að byggja 8 íbúðir á lóðinni.

Samkvæmt almennum greiðsluskilmálum er kaupverð byggingarréttarins greitt innan 45 daga frá samþykkt borgarráðs fyrir lóðarúthlutun.

Verði samþykkt byggingarleyfi fyrir stærri hús á lóðinni er nemur þeirri viðmiðunarstærð sem tilgreind er fyrir lóðina, skal greitt viðbótargatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá sem þá gildir.

Tengigjald fráveitu greiðist skv. gjaldskrá Veitna.

Ef vanskil verða á greiðslu kaupverðs getur borgarráð afturkallað úthlutun lóðar, sbr. grein 1.14 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum frá júní 2013.

Athygli er vakin á því, að framsal byggingarréttarins er óheimilt. Heimilt er að ganga frá lóðarleigusamning þegar kaupverð er greitt, sbr. grein 1.16 í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum.

Athygli er vakin á því, að stærð og lega lóðar getur breyst og verður gerð grein fyrir lóðinni og kvöðum á henni á mæliblaði. Lóðin er byggingarhæf.

Að öðru leyti en að framan greinir gilda um lóðirnar almennir lóða og framkvæmdaskilmálar frá því í júní 2013 sem finna má á heimasíðu Reykjavíkurborgar og deiliskipulagsskilmálar fyrir Vigdísarlund sem tóku gildi með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 4.7.2017 sem finna má á skipulagssjá Reykjavíkurborgar.

Hrólfur Jónsson

